

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ferðasjóð Félags íslenskra barnalækna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ferðasjóður Félags íslenskra barnalækna. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru læknarnir Víkingur H. Arnórsson (látinn), Guðmundur K. Jónmundsson, kt. 240739-4619 og Gestur I. Pálsson, kt. 231146-2969, báðir starfandi á Barnaspítala Hringsins, Landspítalanum.

Sjóðurinn er stofnaður í framhaldi af þingi Barnalæknasambands Norðurlanda (Nordisk Pediatrisk Forening - NPF) sem haldið var í Reykjavík í júní 1988.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda íslenskum barnalæknum þáttöku í norrænu og evrópsku samstarfi með því að veita fulltrúum þeirra ferðastyrki (flugfargjöld) til að sækja fundi til eflingar félagslegum og faglegum samskiptum barnalækna.

Vöxtum og öðrum tekjum sjóðins skal varið til slíkra styrkveitinga.

Upphæð styrkja miðast við að ferðakostnaði hvers einstaks þátttakanda sé haldið í lágmarki.

4. gr.

Stjórn Félags íslenskra barnalækna tilnefnir 3 menn í stjórn ferðasjóðsins. Stjórn sjóðsins skal sitja í þrjú ár. Aðalfundur sjóðsins skal haldinn einu sinni á ári og skal til hans boðað af formanni.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins var, við stofnun hans þann 24. janúar 1990 kr. 500.000, og er það óskerðanlegt. Stofnfé kom frá arði af þingi Barnalæknasambands Norðurlanda og var lagt fram af stofnendum sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé hans og frjáls framlög hverju nafni sem nefnast.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með bestu fáanlegum kjörum hverju sinni en jafnframt gætt fyllsta öryggis varðandi ávöxtunarmáta. Lánastarfsemi með fjármuni sjóðsins er ekki heimil.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður um styrkveitingar og aðrar ráðstafanir sem gera þarf. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða, sjá þó 10. gr.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskil skulu vera á aðalfundi sjóðsins sem skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðanda sem skipaður er af stjórn sjóðsins.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki. Engin slík breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema að stjórnin sé einhuga um hana.

Ekki má breyta ákvæðum 3. gr. um hlutverk sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

Nr. 322

3. mars 2009

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til að styrkja ferðir meðlima Félags íslenskra barnalækna í samræmi við markmið sjóðsins, sjá 3. gr.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Við staðfestingu skipulagsskrár þessarar fellur úr gildi fyrri skipulagsskrá, frá 24. janúar 1990, um sjálfseignarstofnun þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnarnir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 3. mars 2009.

Ríkharður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2009